

**Nd.**

**546. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ekkjutrygging embættismanna.

Frá samvinnunefnd launamála.

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til meðferðar og hefir eigi fundið neitt verulegt við það að athuga.

Nefndin fellst á þá skoðun stjórnarinnar, að eigi hafi verið tiltækilegt að krefjast þess, að embættismenn keypti hærri ekkjutryggingu en frumvarpið fer fram á, en hún er vitanlega of lág til þess, að ekkja geti lifað viðunanlegu lífi af henni einni, hafi maður hennar eigi látið henni önnur efni eftir, og er þá eigi um annað að gera en að ríkissjóður hlaupi undir bagga, og virðast nefndinni til-  
lögur frumvarpsins hóflegar.

Pótt svo hafi staðið í eldri lögum, þykir nefndinni óviðfeldið að gera ráð fyrir, að eitt barn öðru fremur sje maklegt styrks, meðan það er innan við 16 ára aldur, og leggur því til, að háttv. deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

**BREYTINGU.**

Við 5. gr. Orðin: »og eru þess makleg« falli burt.

Alþingi, 27. ágúst 1919.

Magnús Pjetursson,  
form. samvinnun. og Nd.-nefndar.

Pórarinn Jónsson,  
skrifari samvinnun. og Nd.-nefndar.

Matth. Ólafsson,  
framsögum. í Nd.

Kristinn Danielsson,  
skrifari Ed.-nefndar.  
Með fyrirvara.

Guðm. Ólafsson.

Hjörtur Snorrason.

Sveinn Ólafsson.

Jón Jónsson.

H. Steinsson,  
form. Ed.-nefndar.  
Með fyrirvara.

Eggert Pálsson.

Þorsteinn Jónsson.

Hákon J. Kristófersson.